

Páll H. Jónsson

Ólafsson, Gísli Rúnar Jónsson, Jón Sigurbjörnsson, Árni Tryggvason, Þorsteinn Gunnarsson, Valdemar Helgason, Pétur Einarsson, Pálmi Gestsson og Helgi Skúlason. Að öðrum ólöstuðum heyrðist mér þeir vera í essinu sínu Jón Sigurbjörnsson, Árni Tryggvason, Valdemar Helgason og Helgi Skúlason.

Jón Hjartarson kom vel til skila því sem Bjarna óðalsbónda er lagt í munn, en án innlifunar. Það var eins og hann væri að lesa upp. Honum var að vísu vorkunn vegna þess texta sem honum var fenginn og sama er að segja um hlutverk Margrétar Helgu Jóhannsdóttur. Árdís húsfreyja er eins konar tæknimaður í verkinu, fær bónda sinn til að leysa frá skjóðunni, en verður sjálf óskýr persónugerð.

Páll H. Jónsson þekkir sinn Guðmund Friðjónsson. En verulega sannfærandi í leikútgáfu er Guðmundur ekki. Þó var þetta ekki óskemmtilegur fundur við Gamla-Ísland og á sér margar hliðstæður í samtímanum.



Jean Bennett

spillti annars áhrifaríkri senu. Rismikið lokaatriði annars þáttar komst hins vegar mjög vel til skila.

Húsfyllir var að venju og er ánægjulegt til þess að vita hversu vel fólk sækir sýningar óperunnar.

Myndverk Ingunnar Eydal

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Tvær efnilegar listakonur hlutu sem kunnugt er starfslaun Reykjavíkurborgar sl. ár, þær Ingunn Eydal grafíklistamaður og Messína Tómasdóttir leikmyndahönnuður o.fl. Báðar hafa þær verið fljótar að þakka fyrir sig og má sjá afrakstur vinnu þeirra á Kjarvalsstöðum þessa dagana. Messína er með brúðuleikhús en Ingunn með málverkasýningu, sem hér verður fjallað um.

Ingunn Eydal er löngu þekkt nafn sem **grafík-listamaður** en hins vegar með öllu óþekkt stærð sem málari. Að sjálfsögðu hlaut hún starfslaunin fyrir dugnað sinn og orku á þeim vettvangi. Hún hefur tekið þátt í nærri 50 samsýningum heima og erlendis en aðeins haldið eina einkasýningu áður, á Ísafirði árið 1980.

Það hefur komið mönnum mjög á óvart að Ingunn skyldi söðla yfir í málverkið í stað þess að nota starfslaunin til að dýpka enn frekar kunnáttu sína á sínu sérsviði m.a. vegna þess að hún mun hafa komið sér upp fullkominni starfsaðstöðu á heimili sínu. Það lá því beinast við að nýta tímann til fulls til markvissra átaka á hinum krefjandi vettvangi grafík-listarinnar.

Það hefur lengi verið kunnugt, að það felst nokkur áhætta í því að skipta yfir á gjörólíkt svið myndlistar fyrirvaralaust. Til þess að geta slíkt þurfa menn að meistra grundvallaratriði myndlistarinnar til hlítar og er það þó jafnvel ekki einhlítt. Má hér nefna að hinn mikli snillingur teiknilistarinnar Toulouse-Lautrec söðlaði yfir í málverkið einvörðungu í tvö ár að ég held, — er hann svo ætlaði að fara að teikna aftur nokkru fyrir andlát sitt gekk það engan veginn. Lautrec varð svo mikið um þetta, að hann brast í grát og var óhuggandi, — sagði sig hafa misst teiknigáfuna ...

Þetta er eitt skýrasta dæmi þess hve grundvallaratriðin eru mikilvæg og hversu hættulegt það er að taka hliðarstökk frá sínu sérsviði um lengri tíma. Hinir stóru meistarar aldarinnar gerðu slíkt enda ekki nema í nokkra mánuði í senn og gættu þess að missa aldrei sjónar á sérsviði sínu, vel minnugir þess hvað kom fyrir Lautrec. Allir málarar þekkja það er þeir vinna að einhverju öðru af illri nauðsyn, hve mikilvægt það er að líta inn á vinnustofu sína daglega og sýsla þar eitthvað til að missa ekki þráðinn. Sá spotti er vandfundinn ef hann týnist, — finnist hann þá nokkurn tíma ...

Þótt fram komi augljósir málunarhæfileikar í verkum Ingunnar Eydal er þessi frumraun hennar ekki nægilega sannfærandi. Til þess er hún of hikandi og treystir um of á áunnin vinnubrögð á gerólíku tæknisviði. Einmitt þar sem hún færist mest í fang t.d. í hinum stóru níu eininga myndum svo sem „Örlög“ (5), „Alla étið hafa þá“ (21) og „Fuglalíf“ (22) nær hún svipmestum árangri. Þar er hún og einnig sjálfri sér samkvæmust. Annars vilja myndir listakonunnar minna óþægilega mikið á annan íslenzkan málara, sem einnig hefur fallið í þá gryfju að treysta of mikið á stöðluð grafísk vinnubrögð og myndvörpuna.




Ingunn Eydal

Þetta með myndvörpuvinnubrögðin í íslenzkri myndlist á seinni tímum er saga út af fyrir sig og íslenzkum myndlistarmönnum til takmarkaðs sóma. Hér er of mikið verið að auðvelda sér verkið og forðast átök er kosta gerandann ómældar sviptingar og örvæntingu, — en sem einmitt fæða af sér mikla list.

Í stuttu máli þá eru myndir Ingunnar velflestar ekki nægilega mikil málverk og ei heldur teiknuð málverk. Miklu frekar grafískar myndir þar sem tæknibrögð listgreinarinnar skortir, svo sem sýruböðið, nálina og ótal margt fleira. Hér skortir tilfinnanlega pensilförin, sköfuförin, — og maður gæti jafnvel einnig sagt „fingraför málarans“.

— Annars er það dálítið merkilegt til umhugsunar hve þeir sem eru hreinræktaðir málarar eiga miklu auðveldara með að tileinka sér hliðargeira myndlistarinnar með markverðum árangri en hinna, að fara inn á svið málverksins — um það eru ótal dæmi. En hvort heldur er, þá prýðir það engan málara, að ætla sér að fjölfalda málverk sín í grafískum aðferðum — án þess að sökkva sér niður í séreinkenni tækninnar. Á sama hátt þýðir það lítið að ætla sér að vinna í málverki út frá grafískum hugsunarhætti einvörðungu. Hér þarf í báðum tilvikum miklu meira til.

— Hér hefur einungis verið fjallað um nokkur almenn sannindi, sem vilja því miður stöðugt vera að vefjast fyrir, jafnvel bestu myndlistarmönnum þótt listasagan segi hér skýra og ótvíræða sögu. Ég hygg, að Ingunn Eydal eigi eftir að láta miklu meira að sér kveða í málverkinu er fram líða stundir, færist hún meira í fang í leit að innri lífæðum málverksins. Þá munu nýir landvinningar fljótlega komast í sjónmál.



Örlög, 1983, olía, 158×173 cm.

Íslenski dansflokkurinn 10 ára

Ballett

Lilja Hallgrímsdóttir

Þjóðleikhúsið:
Danshöfundar: Ingibjörg Björnsdóttir, Nanna Ólafsdóttir og Íslenski dansflokkurinn.
Leikmyndir og búningar: Sigurjón Jóhannsson.
Lýsing: Árni Baldvinsson.
Aðstoð við búninga: Guðrún Svava Svavarsdóttir.

„Þolinmæði þrautir vinnur allar“. Þessi orð eiga vel við um íslenska ballettsögu. Íslenski dansflokkurinn hélt upp á 10 ára afmæli sitt með sérstakri afmælissýningu sl. fimmtudagskvöld í Þjóðleikhúsinu. Þrjár sýningar munu vera fyrirhugaðar á þessari afmælisdagskrá. Í 10 ár hafa dansarar flokksins þraukað. En flokkurinn hefur líka notið ómetanlegrar aðstoðar frá fáum en góðum vinum íslenskrar danslistar, bæði innlendum og erlendum. Flokkurinn hefur átt tryggan hóp áhorfenda sem hefur átt margar ánægjustundir með honum. Þessi hópur áhorfenda hefur vaxið jafnt og þétt, sú staðreynd er náttúrlega bezta gagnrýni sem dansararnir geta fengið.

Fyrst á dagskránni var „La Reperition“ unnið af dansflokknum undir stjórn Þórhildar Þorleifsdóttur. Þórhildur er landsmönnum löngu kunn fyrir uppsetningar sínar á hinum ólíkustu leikhúsverkum, en sjálf er hún gamall ballettdansari. Henni tekst mæta vel við þetta verkefni sem er sýnishorn af daglegri þjálfun dansara, sem endurtaka sömu æfingarnar með mismunandi útfærslu allan sinn dansferil. Glæðir hún atriðið mátulegri kímni og gerir það svo eðlilegt að það er sem maður sé kominn upp á „sal“ að horfa á „tíma“. Ekki spillti skemmtilegur píanóundirleikur (og leikur) Jóhanns G. Jóhannssonar né kennarinn, Nanna Ólafsdóttir, þessu skemmtilega atriði.

Þá var Sálumessa (Requiem) við tónlist eftir György Ligeti eftir Ingibjörgu Björnsdóttur. Ingibjörg ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur í vali á tónlist. Verkið er mjög áhrifamikið og vandi að fylgja því með dansi enda tókst það ekki að mínu mati. Dansararnir komu misjafnlega út, sumir mjög vel en aðrir, því miður, nánast ömurlega. Dansarar verða eins og aðrir að þekkja sinn vitjunartíma. Ingibjörg hefur gert marga góða hluti og ber þar hæst að mínu mati ballett hennar, Sæmundur Klemenzson.

Þriðja atriðið var Turangalila (þættir úr Turangalila-sinfóníunni) eftir Olivier Messiaen eftir Nönnu Ólafsdóttur. Verkið gefur mörg góð tækifæri fyrir dansarana. En mér fannst það ekki nógu stílhreint — of mikið úr sitt hvorri áttinni.

Auður Bjarnadóttir er komin aftur til starfa hjá flokknum og ber að fagna því. Einar Sveinn Þórðarson kemur sem gestur en hann starfar með The Pennsylvania Ballet. Hann sýndi mikla framför. Sumir af dönsurunum hafa dansað með flokknum frá byrjun og átt sínar góðu stundir. Á þessari sýningu brást Ásdís Magnúsdóttir ekki frekar en áður. Birgitta Heide hefur sjaldan verið í eins góðu formi og síðast en ekki síst vil ég nefna Ólafíu Bjarnleifsdóttur, sem sýndi frábæran dans á fimmtudagskvöldið.

Það verður að segjast eins og er að ég er ekki ánægð með sýninguna í heild. Mér finnst hún ekki gefa rétta mynd af 10 ára starfi flokksins. Hefði ég óskað eftir meiri breidd í sýningu á þessum tímamótum Íslenska dansflokksins.

Ég minntist á þolinmæði í upphafi greinarinnar. Gagnrýnendur hafa sýnt Íslenska dansflokknum þolinmæði og umburðarlyndi frá upphafi. Sjálf hef ég ekki sparað hrósið þegar það hefur átt við en reynt að dylja það þegar mér hefur mislíkað eitthvað; sem betur fer hefur það verið sjaldnar. Þar sem ég hefi nú stundað þessa iðju í lengri tíma en dansflokkurinn hefur starfað og finnst hann eiga skilið að fá að heyra nýja rödd, mun ég óska eftir því að hverfa af þessum vettvangi.

Ég óska Íslenska dansflokknum til hamingju með afmælið.